

Fréttabréf

Október 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



Frá sviðsforseta

Haustið hefur verið viðburðaríkt á Menntavísindasviði. Ráðstefnur sviðsins hafa verið mjög vel sóttar bæði af fræðimönnum og fagmönnum af vettvangi, sem er fagnaðarefni. Það er mikilvægt að við miðlum niðurstöðum rannsókna okkar og að þær hafi áhrif út í samfélagið, bæði á stefnumótun og starfshætti.

[Meira...](#)



Vel heppnuð Menntakvika

Tuttugasta ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika: Rannsóknir, nýbreytni og þróun, fór fram þann 7. október síðastliðinn og tókst vel. Dagskráin var fjölbreytt en hátt í 260 erindi voru kynnt í 62 málstofum. Viðfangsefnin voru af ólíkum toga og má þar nefna fjölmenningu, málþroska og læsi, íþrótt- og heilsufræði, skóla án aðgreiningar, tómstundafræði, tungumálanám og upplýsingatækni.

[Meira...](#)



Staða menntakerfisins til umræðu með fulltrúum stjórnmálaflokka

Alvarleg staða menntakerfisins, mannekla í leikskólum og yfirvofandi kennarskortur var til umræðu á opnum fundi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands þriðjudaginn 4. október í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Á fundinum fjölluðu Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, og Stefán Hrafn Jónsson, prófessor í félagsfræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, um þann vanda sem við blasir í menntakerfinu.

[Meira...](#)



Fjölbreyttar leiðir til læsis

„Kennarar geta farið fjölbreyttar leiðir við að kenna lestur og börn fara ólíkar leiðir við að læra lestur. Rannsóknir sýna að læsi og lestrarnám er háð ýmsum þáttum. Í því samhengi er mikilvægt að viðurkenna fjölbreyttar aðferðir og fjölbreyttan barnahóp,“ sagði Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, við setningu ráðstefnunnar Fjölbreyttar leiðir til læsis, sem haldin var við Háskóla Íslands þann 8. september, á alþjóðadegi læsis.

Meira...



Umfangsmikið gagnasafn um starfshætti í skólum opnað

„Það krefst tíma og orku að safna rannsóknargögnum og það verður æ erfiðara, einkum fyrir háskólanema, að fá aðgang að skólum til að safna gögnum. Með því að ganga að tilbúnum gögnum í stað þess að afla þeirra gefst meiri tími í rannsóknirnar sjálfar, sem gæti orðið til þess að fjölga rannsóknum og birtingum. Gagnasafnið gefur líka aukin tækifæri til langtímarannsókna sem sáralítið er af á sviði menntavísinda,“ segir Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrverandi verkefnastjóri rannsóknarinnar Starfshættir í grunnskólum.

Meira...



Doktorsvörn – Ragný Þóra Guðjohnsen

Þriðjudaginn 27. september varði Ragný Þóra Guðjohnsen doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist Hugmyndir ungs fólks um hvað það merki að vera góður borgari: Þáttur samkenndar, sjálfbóðaliðastarfs og upveldishátta foreldra.

Andmælendur voru dr. Daniel Hart, prófessor við Rutgers-háskóla í Bandaríkjunum, og dr. Wiel Veugelers, prófessor við University for Humanistic Studies in Utrecht í Hollandi.

Meira...



Gistiprófessorar við Menntavísindasvið

Fjórir gistiprófessorar hafa verið við störf á Menntavísindasviði á haustmisseri en árið 2013 voru ráðnir níu gistiprófessorar við sviðið til þriggja ára. Markmiðið með ráðningu þeirra var að þeir tækju þátt í uppbyggingu meistara- og doktorsnáms og eflingu rannsókna.

Meira...



Nýir stjórnarmenn í starfsmannafélaginu

Fjölmeni var í fyrsta Fjörुकaffi vetrarins sem haldið var fimmtudaginn 29. september síðastliðinn. Við sama tilefni fór fram aðalfundur starfsmannafélagsins þar sem ýmis mál voru tekin fyrir, s.s. skýrsla stjórnar og framlagning ársreikninga. Þrír nýir stjórnarmenn voru kosnir, þær Ingunn Anna Ragnarsdóttir, Sólveig María Þorláksdóttir og Svava Pétursdóttir. Auk þeirra sitja í stjórn félagsins: Annadís G. Rudolfsdóttir, Brynja E. Halldórsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Hanna Þ. Hauksdóttir og Sólrún B. Kristinsdóttir.

[Meira...](#)



Fræðimannaíbúð í Sviss

Fræðimönnum við Menntavísindasvið býðst að stunda rannsóknir við American School í Leysen í Sviss sem er staðsett um 90 km frá Genf. Skólinn er heimavistarskóli í svissnesku Ölpunum sem var stofnaður af Vestur-Íslendingnum Sigríð Ott og eiginmanni hennar. Forsvarsmenn skólans vilja efla tengsl sín við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og í þeim efnum bjóða þeir fræðimönnum upp á vinnuáðstöðu og húsnæði. Lengd dvalar er samkomulagsatriði.

[Meira...](#)



Starfsmenn á ferð og flugi

Það er nauðsynlegt að fara út fyrir landsteinana öðru hverju og snúa svo heim ferskur með nýja þekkingu í farteskinu. Allmargir starfsmenn sviðsins hafa verið á ferð og flugi á haustmisseri.

Arna H. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, varði rannsóknarmisserinu við Háskólann í Mälardalen í Västerås í Svíþjóð þar sem hún skipulagði m.a. rannsóknarverkefni og greinaskrif um faglega sjálfsmynd leikskólastjóra. Leið hennar lá einnig til Kristiansand í Noregi, þar sem hún tók þátt í NAFOL-ráðstefnunni.

[Meira...](#)



Áttu eftir að skrifa undir? #háskólaríhættu

Eins og kunnugt er hafa háskólar landsins staðið fyrir sameiginlegu átaki til að vekja athygli á undirfjármögnun háskólanna. Í kjölfar fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar sendu rektorar allra sjö háskóla landsins frá sér yfirlýsingu þar sem þeir skorðu á stjórnámálmenn að snúa við undirfjármögnun háskólastigsins. Í yfirlýsingunni stendur: „Við óbreytt ástand geta háskólarnir ekki starfað áfram með eðlilegum hætti. Háskólastarfi á landinu er stefnt í hættu.“

[Meira...](#)
